

## FUNDARGERÐ

Fundur nr. 68 stjórn Herjólfs ohf., haldinn 25. október 2020 kl. 17:00

í fundarsal Hótel Vestm.

Mættir voru: Agnes Einarsdóttir, Arnar Pétursson, Aníta Jóhannsdóttir, Arndís Bára Ingimarsdóttir, Birna Vídó Þórsdóttir og Guðlaugur Friðþórsson,. Páll Þór Guðmundsson og Guðbjartur Ellert Jónsson framkvæmdastjóri sátu fund gegnum teams.

Til fundarins var boðað með tölvupósti. Engar athugasemdir bárust varðandi boðunina.

Á dagskrá fundarins var einn dagskrárliður:

1. **Samningur um rekstrarframlag Vegagerðarinnar.**

Stjórnarformaður lagði fram tilboð frá Vegagerðinni vegna framlags 2020-2021. Fundur með Vegagerðinni er áætlaður á morgun, mánudaginn 26. okt. Þar leggur stjórn fram sínar tillögur.

*Niðurstaða: Stjórn felur viðræðunefnd að leggja fram tillögur að breytingu á tilboði frá Vegagerðinni og leggur jafnframt áherslu á að æskilegt sé fyrir Herjólf ohf. að fá áframhaldandi umboð til að reka ferjuna með framlengingu eða nýjum samningi í lok samningstímans.*

Næsti stjórnarfundur er áætlaður 28. október nk.

Ekki annað rætt.

Fundi slitið kl. 18:45.

Fundargerð ritaði Agnes Einarsdóttir.